

Fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 19. maí 2015 kl. 16:15-17:30

Mættir voru: Dóra, Erna, Halldór, Halldóra, Herdís, Lilja, Trausti, Unnur, Valdimar og Þorkell.

Fundarstjóri: Erna

Efni fundarins: Hugmyndir mennta- og menningarmálaráðuneytis um samstarf og hugsanlega sameiningu framhaldsskóla á Norðurlandi eystra

Dóra sagði frá fundi sem haldinn var á Akureyri miðvikudaginn 13. maí sl. þar sem fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti kynntu hugmyndir um samstarf og hugsanlega sameiningu Framhaldsskólans á Húsavík, Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólans á Tröllaskaga. Jafnframt greindi hún frá því að um svipað leyti hefði verið haldinn sams konar fundur þar sem rætt hefði verið um samstarf eða sameiningu Framhaldsskólans á Laugum og Verkmenntaskólans á Akureyri.

Skólanefndarfolk ræddi um að formlegt samstarf milli skóla gæti verið af hinu góða. FSH gæti grætt mikið á slíku samstarfi enda glímur skólinn við mikla nemendafækkun og þarf nauðsynlega að auka námsframboð sitt. Sameining við aðra skóla gæti hins vegar reynst FSH hættuleg.

Rætt var um ástæður þess að FSH, MA og MTR annars vegar og FL og VMA hins vegar hefðu verið spyrtil saman í sameiningarumræðum. Talað var um að ráðuneytið þyrfti að útskýra betur ástæðurnar fyrir þessari skiptingu.

Rætt var um að ráðuneytið þyrfti jafnframt að skýra betur markmiðin með samstarfi eða sameiningu skólanna. Menn þyrftu að gera sér grein fyrir tilganginum áður en ráðist yrði í framkvæmdir.

Fram kom að útspil ráðuneytisins um sameiningu eða samstarf kæmi á slæmum tíma fyrir skólana sem nú eru í önnum vegna prófa og útskrifta. Gefa þyrfti skólunum góðan tíma til þess að ræða saman af yfirvegun um það hver ávinningur nemenda af samstarfi eða sameiningu gæti orðið. Öll áhersla þyrfti að vera lögð á faglegan ávinning en ekki fjárhagslegan. Ef komist yrði að þeirri niðurstöðu að hinir faglegu kostir vægju þyngra en ókostirnir þyrftu skólarnir jafnframt að fá nægan tíma til þess að skipuleggja samstarf sitt.

Rætt var um að skólanefnd sendi frá sér sameiginlega ályktun með bæjarstjórn eða bæjarráði Norðurbings. Einnig kom fram sú hugmynd að efna til sameiginlegs fundar með öllum skólanefndum framhaldsskólanna á Norðurlandi eystra.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.